

Nd.

507. Frumvarp til laga

[153. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 33/1935, og lögum nr. 26/1943, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

6. gr. áfengislaga, nr. 33/1935, orðist svo:

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

2. gr.

11. gr. laganna falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

3. gr.

Orðin „eða veitingastað“ í b-lið 12. gr. laganna og „og veitingastað“ á tveimur stöðum í c-lið sömu gr. falli niður.

4. gr.

Orðin „nema leyfi lögreglustjóra komi til“ í niðurlagi 17. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Fyrir orðin „40 kr. á hvern lítra“ á tveimur stöðum í 27. gr. laganna kemur: 400 kr. á hvern lítra.

6. gr.

2. gr. laga nr. 26 1943, um breyt. á áfengislögum, nr. 33 1935, falli niður.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi felld l. nr. 92 1941, um breyt. á áfengislögum, nr. 33 1935.

Greinargerð.

Það er engan veginn að ástæðulausu, þó mönnum hrjósi hugur við þeirri hættu, sem Íslendingum er búin af þeirri hóflausu vinnautn, sem hér á sér stað, og ómenningu margs konar og siðleysi, sem siglt hefur í kjölfar hennar. Um það eru margháttuð dæmi deginum ljósari, og er þeirra fyrirbrigða ekki hvað sízt að leita í samkvæmum þeim, sem háð eru í salarkynnum, þar sem leyft er, að vínveitingar megi um hönd hafa. Um langt skeið hafa þau ákvæði verið í gildi í áfengislöggjöf vorri, að dómsmálaráðherra hefur til þess heimild að leyfa einu veitingahúsi í Reykjavík veitingar á áfengum drykkjum. Í skjóli þessarar heimildar hefur eitt af veitingahúsum bæjarins notið þessara sérréttinda um langt árabíl. Olli þessi sérréttinda-veiting brátt miklum reipdrætti af hálfu annarra gistihúsarekenda, er þótti sér með þessu óréttur ger. Hér sannaðist brátt hið fornveðna, „að ein syndin býður annarri heim“, því afleiðingin af þessu varð brátt sú, að þýðingarmikið ákvæði í áfengislögunum, þar sem svo er ákveðið: Ekkert félag manna má hafa um hönd í félags-skap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annarra“, var að engu gert með því að gefa lög-reglustjórum heimild til þess að veita undanþágur frá þessu ákvæði. Hefur það verið ósleitilega gert æ síðan, enda talið, að eigendur veitingahúsa geri það almennt að skilyrði fyrir því, að leyfð séu samkvæmi í salarkynnum þeirra, að þar séu vínveitingar. Er þetta vínveitingaleyfargan allt orðin hin mesta hneykslunarhella. Verður að reisa ramar skorður við þessum háskalega faraldri, sem í vaxandi mæli herjar á þjóð vora. Verður þar að stemma á að ósi og skera fyrir rætur þessarar meinsemdar með því að fella niður úr áfengislögum ákvæðin um sérréttindi til handa einu veitingahúsi í Reykjavík svo og undanþáguheimild þá, sem lögreglustjórar nú hafa til að leyfa vínveitingar. Er þetta annað aðalatriði frv. þessa að fella niður úr lögum hvorar tveggja þessar heimildir.

Annar meginþáttur frv. er að nema í burtu úr áfengislögunum þær hömlur, sem á því eru, að ákvæði 1. gr. l. nr. 26 1943, um breyt. á 9. gr. laganna um héraðabönn geti orðið raunhæf. En það er gert með því að fella niður 2. gr. í lögum nr. 26 1943, um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935. Er þar svo ákveðið: „Nú telur ríkisstjórnin, að lög þessi (þ. e. ákvæðin um héraðabönn) kunni að brjóta í bága við milliríkjasamninga, og skal hún þá gera þær ráðstafanir, er hún álitur nauðsynlegar til þess að samrýma þá samninga ákvæðum laganna. Að því loknu öðlast lögin gildi, enda birtir ríkisstjórnin um það tilkynningu.“ Ekkert það hefur komið fram í milliríkjasamningum, er bendi í þá átt, að ákvæðin um héraðabönnin, þó framkvæmd væru, yrðu þar þrándur í götu. Samt sem áður hefur ríkisstjórnin enga tilkynningu gefið út varðandi þetta atriði, en það hefur orðið til þess að loka leiðum að því, að vilji fólksins á þeim stöðum, sem ákvæði þessi taka til, hafi fengið að njóta sín. Því er hér lagt til, að ákvæði þetta verði fellt niður.

Önnur atriði þessa frv. eru um að nema úr gildi heimild þá, sem ríkisstjórninni var veitt á hernámsárunum til þess að leyfa bruggun á sterku öli handa brezka setu-liðinu. Enn fremur er lagt til að hækka víska tegund sekta í sambandi við óleyfilegan innflutning áfengis.

Það er vissulega margt fleira í áfengislögunum, sem full ástæða væri til að breyta á þann veg að draga úr og stemma stigu fyrir skaðsemi vínflóðsins. Hér eru aðeins tekin þau atriðin, sem nú eru mestur þyrnir í augum, vínveitingaleyfin og hindranir þær, sem á því eru, að ákvæðin um héraðabönnin geti komizt í framkvæmd. Um nánari endurskoðun á áfengislögunum í fyrrgreindu augnamiði liggja fyrir til-lögur frá mér í sameinuðu þingi.

Það hafa löngum verið á Alþingi allskiptar skoðanir um ráðstafanir af hálfu þess opinbera varðandi það, hversu þeim málum skuli hagað. Hefur okkur, sem sótt höfum á um það að reisa rönd við drykkjubölinu með ýmsum takmörkunum í því efni, þótt hlutur okkar vera helzt til smár, einkum upp á síðkastið.

Þó hefur á þessu þingi tekizt gott samkomulag um endurbætur á einu atriði áfengislaganna, að því er það snertir að styrkja aðstöðu lögreglumanna í baráttu þeirra við leynivinsölu í bilum, sem farið hefur mjög í vöxt upp á síðkastið. Frv. um þetta efni hefur með einróma samþykki hlotið afgreiðslu í neðri deild, og vænta má, að svo verði það einnig í efri deild. Er þess að vænta, að þróun í þessum málum á Alþingi gangi í þessa átt, og er það vissulega vel farið.